

Þingsályktun

um fjármálastefnu fyrir árin 2026–2030.

Alþingi ályktar, sbr. lög um opinber fjármál, nr. 123/2015, að stjórnvöld fylgi stefnumörkun um opinber fjármál sem stuðli að stöðugleika og sjálfbærni í samræmi við grunn-gildi laga um opinber fjármál með því að bæta afkomu hins opinbera og stöðva hallarekstur eigi síðar en árið 2028 þannig að skuldir hins opinbera taki að lækka markvisst í hlutfalli við landsframleiðslu. Í því skyni skal stjórn opinberra fjármála vera í samræmi við eftirfarandi stefnumið um afkomu- og skuldaþróun á gildistíma fjármálastefnunnar 2026–2030, á grundvelli þeirra efnahagshorfa og annarra forsendna sem hún er reist á:

Hlutfall af vergri landsframleiðslu, %	2026	2027	2028	2029	2030
A1-hluti hins opinbera¹					
Heildarafkoma	-0,8	-0,2	0,1	0,2	0,3
þar af ríkissjóður (A1-hluti)	-0,5	0,0	0,1	0,2	0,3
þar af sveitarfélög (A-hluti)	-0,3	-0,2	0,0	0,0	0,0
Skuldir ²	45,5	45,0	44,0	43,0	42,0
þar af ríkissjóður (A1-hluti)	38,5	38,0	37,5	36,5	36,0
þar af sveitarfélög (A-hluti)	7,0	7,0	6,5	6,5	6,0
Opinberir aðilar í heild					
Heildarafkoma	-1,2	-0,5	0,3	0,8	1,2
þar af A1-hluti hins opinbera	-0,8	-0,2	0,1	0,2	0,3
þar af fyrirtæki hins opinbera ³	-0,4	-0,3	0,2	0,6	0,9
Skuldir ²	67,0	67,0	66,5	65,5	64,0
þar af A-1 hluti hins opinbera	45,5	45,0	44,0	43,0	42,0
þar af fyrirtæki hins opinbera ³	21,5	22,0	22,5	22,5	22,0

¹ Samkvæmt endurskoðaðri flokkun á starfsemi hins opinbera á grundvelli alþjóðlegs hagskýrslustaðals (GFS).

² Heildarskuldir, að frátöldum lífeyrisskuldbindingum og viðskiptaskuldum og að frádregnum sjóðum og bankainnstæðum, sbr. 7. gr. laga nr. 123/2015, um opinber fjármál.

³ Ríkisaðilar í A2- og A3-hluta eru í þessari framsetningu birtir með fyrirtækjum hins opinbera. Afkoma og skuldir fjármálafyrirtækja og sjóða eru, eins og verið hefur, ekki meðtalin í þessari framsetningu.

Alþingi staðfestir að fjármálastefna þessi sé samkvæm þeim grunngildum og skilyrðum sem kveðið er á um í 2. mgr. 6. gr. og 7. gr. laga um opinber fjármál.

Samþykkt á Alþingi 5. júlí 2025.